



LEIKSKÓLINN AÐALÞING

Jafnréttisstefna leikskólans Aðalþings

Bakgrunnur

Leikskólastarf er talið vera ein kynjaðasta starfsgreinin, en leikskólakennarar eru einnig í einstakri stöðu til að stöðva og koma í veg fyrir og brjóta upp staðalímyndir kynja vegna þess að leikskólabörn eru enn að móta eigin kenningar um samfélagsveruleika og eigin stöðu þar. (Warin og Adriany, 2017). Fyrri rannsóknir á leikskólastarfi í ljósi kynjafræða benda til skorts á margbreytileika; hefðbundnar staðalímyndir virðast rótgrónar í leikskólamenningu. (Tekið úr óbirtri rannsókn Aðalþings á mögulegum áhrifum í leikskólastarfi þar sem hlutfall karlmanna er hátt í starfsmannahópnum (30%).

Hér er gerð grein fyrir jafnréttisstefnu leikskólans Aðalþings, stefnan byggir á lögum, reglugerðum, stjórnarskrá og sáttmálum sem sett hafa verið um málefnið. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Mikilvægi hins kynjafræðilega sjónarhorns í leikskólastarfi ætti flestum að vera ljóst. Jafnrétti í margar áttir er ein meginundirstaða skólastarfs. Í Aðalþingi er ætlast til að starfið sé skoðað með kynjafræðilegum gleraugum, að efni sem leikskólinn sendir frá sér sé yfirfarið með tilliti þess hvernig kynin birtast þar og skráningar og viðfangsefni þeirra greind frá kynjuðu sjónarhorni. Hið kynjaða sjónarhorn er hluti af menningu leikskólans, daglegum venjum og kerfisbundnu mati þar um. (Skólanámskrá Aðalþings).

Lýðræði, valdefling og margbreytileiki eru eitt af lykilhugtökum sem unnið er með á markvissan og skapandi hátt í Aðalþingi. (Skólanámskrá Aðalþings).

Í leikskólastarfi er ljóst að ein stærð eða ein lausn er hvorki möguleg né æskileg fyrir alla. Ætlast er til að allir njóti sömu virðingar og í grundvallargildum starfsins sé gert ráð fyrir öllum. (Skólanámskrá Aðalþings).

Þau gildi sem öðru fremur er lögð áhersla á í Aðalþingi eru mannhelgi, virðing, hlustun, framsækni, umönnun og áskorun. Til þess að gildin séu ljós í skólastarfinu eru sett fram stefnumið sem eiga að endurspeglar gildin og leiðir að þeim. (Skólanámskrá Aðalþings).

Markmið jafnréttisstefnunnar sem hér er kynnt er að stuðla að jafnrétti á sem viðtækustum grunni í Aðalþingi og ber öllum starfsmönnum leikskólans að starfa í samræmi við hana. Stefnan á að endurspeglar að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, fötlunar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Allir einstaklingar; konur og karlar, drengir og stúlkur skulu njóta jafns réttar í hvívetna í leikskólanum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Leggja skal áherslu á góðan staðblæ sem hvetur til góðra og skapandi verka og allir fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúðs sem býr í hverjum og einum.

Til að framkvæma Jafnréttisstefnu Aðalþings er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun með markmiðum, aðgerðum, ábyrgð og tímaramma. Með áætluninni verður unnið að því að framfylgja markmiðum Aðalnámskrár um jafnréttismenntun með því að samþætta jafnréttissjónarmið allri starfsemi leikskólans með áherslu á sértækum aðgerðum um kynjajafnrétti. Með breyttu hugarfari og öflugri umræðu og fræðslu verður starfsfólk betur í stakk búið að afbyggja staðlaðar hugmyndir barnanna um kynin, opna fyrir

þeim fleiri möguleika sem kynjahlutverk eiga til að útiloka og um leið jafna stöðu stúlkna og drengja.

Í jafnréttisstefnu Aðalþings er gengið út frá þremur grundvallaratriðum:

1. Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna allra þar á meðal kynja er leið til jafnréttis.
2. Öll börn eiga að hafa sama rétt og hafa sömu skyldur, óháð kyni.
3. Allt starfsfólk á að eiga sama rétt og hafa sömu skyldur, óháð kyni.

Gildi jafnréttis í Aðalþingi fyrir börn

Meginmarkmið Aðalþings er að sérhvert barn fái þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. (Úr fyrsta bréfi til foreldra nýrra barna).

Starfið í leikskólanum á fyrst og síðast að snúast um börnin sem þar eru. Líðan þeirra og þroska. Að þar sé kærleikur, áskoranir, umhyggja, virðing og hlustun. Að hvert barn upplifi allt þetta og miklu meira til á hverjum einasta degi, er helsta markmið starfsins í Aðalþingi. Að nám barnanna og námsumhverfi styðji við andlegan og líkamlegan þroska þeirra á fjölbreyttan hátt daglega. (Skólanámskrá Aðalþings).

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Öll börn eiga rétt til menntunar og náms við hæfi. Með námi við hæfi er átt við að leikskólinn leggur sig fram um að veita öllum börnum sem mesta og besta hlutdeild í því starfi sem þar fer fram, bæði á forsendum barnsins og leikskólans. Það sem venjulega gengur undir nafninu sérkennsla fær heitið skilgreind réttindi eða viðbótarkennsla í Aðalþingi en það er gert til að draga fram þá hugmyndafræði sem liggur þar að baki, draga úr aðgreiningu og undirstrika hugmyndir heildtækrar skólastefnu. Megininntak viðbótarkennslunnar/sérkennslu felst í að námsframboðið sé þannig að börnin er umhyggja fyrir börnunum sem beinist að manngildi þeirra, þ.e. verndar þau grundvallargæði sem sjálfsvirðingin er og styðji við getu þeirra til að lifa innihaldsríku lífi. (Skólanámskrá Aðalþings).

Ein undirstaða leikskólastarfsins er sú næring sem börnin fá. Í Aðalþingi er lögð áhersla á að maturinn sé unninn frá grunni. Matarmenningin er hluti af heildarhugsuninni í skólastefnunni. Lögð er áhersla á valdeflingu og lýðræðisleg sjónarmið. Borin er virðing fyrir hæfni barnanna (óháð kyni og aldri) til að velja sér sjálf á diskinn, hvar þau sitja og hvaða tíma þau verja til að matast.

Rými leikskólans er fyrst og fremst vinnu- og námssvæði, þar sem ung börn hafa aðstöðu til að rannsaka og gera tilraunir og uppgötvanir og þar sem verk barnanna fá að standa og þróast áfram eftir því sem áhugi þeirra og virkni býður. Námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn í víxlverkan umhverfis og sjálfs. Umhverfið er síbreytilegt og býður upp á fjölbreytta valkosti. Í Aðalþingi er lögð áhersla á að námsumhverfi skólans stuðli að sjálfræði barnanna. Hentug verkfæri þurfa að vera til staðar og aðgengileg jafnt börnum sem fullorðnum t.d. hnífapör og könnur. Áhersla er á að leikefni sem hentar hverjum árgangi sé aðgengilegt börnunum óháð kyni og aldri. Stuðlað er að því að börnin taki þátt í ákvörðunum allt eftir því sem aldur þeirra og aðstæður leyfa. (Skólanámskrá Aðalþings).

Í Aðalþingi er menningarlegum margbreytileika fagnað. Litið er á það sem sjálfsgöð mannréttindi að njóta viðurkenningar og að virðing sé borin fyrir bakgrunni hvers og eins. Í Aðalþingi er leitast við að skipulag húsnaðis sem og efniviður leikskólastarfsins endurspegli

margbreytileika sem og myndir og skráningar sem hanga uppi í leikskólanum og annað efni sem frá leikskólanum fer. Það er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar. (Skólanámskrá Aðalþings).

Í Aðalþingi skal þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum

Gildi jafnréttisstarfs í Aðalþingi fyrir foreldra

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og forráðamenn barnanna í Aðalþingi, enda er slík samvinna ein af undirstöðunum að góðu leikskólastarfi. Í Aðalþingi á að beina samskiptum að og orðum til bæði fedra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki. Hvetja feður sem mæður til að taka þátt í foreldrasamstarfi.

Þátttökuaðlögun er það aðlögunarform sem notað er í Aðalþingi. Í tengslum við aðlögunardaga (þegar nokkru fjöldi er samtímis í aðlögun) eru haldnir tveir hádegisfundir með foreldrum þar sem annarsvegar er deilt út hagnýtum upplýsingum og hinsvegar farið í stefnu leikskólans þar á meðal um jafnréttisstarfið í Aðalþingi.

Í Aðalþingi er valin sú leið að útbúa skýrslu á hverju þingi þar sem daglegar athafnir og leikir barna eru skráðir jafnóðum, gögnin eru bæði ætluð foreldrum en ekki síður kennurum og þau skoðuð útfrá kynjafræðilegu sjónarhorni.

Vikulega sendir hvert þing foreldrum rafrænt fréttabréf um það sem helst hefur verið á döfinni, fréttabréfið er nefnt Helgarpósturinn, pósturinn er m.a. rýndur af kennurum út frá kynjafræðilegu sjónarhorni.

Gildi jafnréttisstarfs í Aðalþingi fyrir starfsfólk

Í Aðalþingi skal unnið að því að ráða karlmenn til starfa jafnt sem konur, frá 2009 hefur kynjahlutfall starfshópsins verið 70% konur og 30% karla. Stuðla á að því að verkaskipting sé ekki kynbundin.

Mikilvægt er að temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja og vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.

Stuðlað skal að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólum sem kvennastörf.

Framkvæmd jafnréttisstarfs í Aðalþingi

Í Aðalþingi eru gerðar uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda og myndbanda og ennfremur eru fundargerðir af fundum grundvöllur umbótamiðaðs mats. Uppeldisfræðilegar skráningar eru hafsjór upplýsinga sem hægt er að nota á mismunandi hátt, einn þeirra er að skoða þær með kynjasjónarmið í huga. Matið er því símat sem er bæði umbótamiðað og samstarfsmiðað.

- Svokallaðir Pedfundir eru liður í mati og umbótaferli skólans; hver starfsmaður situr einn pedfund í viku sem pedagogista skólans leiðir – þar ræða kennarar og starfsfólk saman og meta leikskólastarfið út frá uppeldisfræðilegum skráningum, meðal annars út frá kynjafræðum. (Skólanámskrá Aðalþings).



Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.

Skólanámskrá Aðalþings. 2016-2017.

Warin, J. og Adriany, V. (2017). Gender flexible pedagogy in early childhood education. *Journal of Gender Studies*, Vol. 26, No. 4, 07.2017, p. 375-386.